



Akraneskaupstaður

Heilbrigðisráðuneytið
Svandís Svavarsdóttir
Heilbrigðisráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Akranesi, 20.11. 2019

1911090 LJ

Efni: Ályktun Öldungaráðs Akraneskaupstaðar vegna málefna Höfða hjúkrunar – og dvalarheimilis.

Fyrir liggur að þegar heimild Höfða til reksturs svokallaðra biðjúkrunarrýma í tengslum við fráflæðisvanda Landspítala rennur í 1. apríl 2020, þá munu standa auð og ónotuð fjögur íbúðarými á Höfða. Slík rými kostar 146 mkr. að byggja og því er hagkvæmast fyrir alla aðila að nýta þau húsnæðisrými sem eru til staðar í dag í stað þess að láta þau standa auð og ónotuð.

Mikil þörf er fyrir aukningu hjúkrunarrýma á Höfða.

Í dag eru 40 einstaklingar á biðlista eftir hjúkrunar- og dvalarrýmum á Höfða. Níu manns eru á biðlista eftir dvalarrými og 31 í hjúkrunarrými. Á biðlista eftir hvíldarinnlögn eru að meðaltali 26 einstaklingar. Við það bætast þeir einstaklingar sem eru í bið eftir varanlegu rými og gerir það rúmlega 60 manns. Nú þegar hefur myndast mikil neyð hjá mörgum þeirra sem eru á biðlista. Sjö manns bíða á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi og komast ekki heim. Á meðan þessir einstaklingar liggja inni á Heilbrigðisstofnuninni þá hefur sú staða komið upp að aðgerðum sé frestað því ekki er hægt að innrita fleiri einstaklinga þar sem ekki er nægt rými til staðar. Aðrir einstaklingar búa heima og fá alla þá þjónustu sem heimahjúkrun, heimaþjónusta og dagdvöl á Höfða hafa færi á að veita og er ljóst að það nægir ekki til að veita viðunandi þjónustu.

Að sögn Kjartans Kjartanssonar framkvæmdastjóra á Höfða er reiknuð vistunarþörf í hjúkrunarrými fyrir Akranes og Hvalfjarðarsveit langt umfram þau 61 hjúkrunarrými sem eru á Höfða í dag.

Með tilkomu Færni- og heilsumatsnefnda er vistun í hjúkrunarrými ekki bundin við íbúa hvers heilbrigðisumdæmis fyrir sig. Í dag eru um 8,5% af íbúum Höfða í hjúkrunarrýmum með færnismat úr öðrum heilbrigðisumdæmum (sem er ígildi 5 hjúkrunarrýma) og að staðaldri eru einstaklingar á biðlista eftir dvöl á Höfða úr öðrum heilbrigðisumdæmum.



Akraneskaupstaður

Akranes er á sama íbúa- og atvinnusvæði og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Í sveitarfélögunum Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Akraneskaupstað sem eru í suðurhluta umdæmisins og liggur að heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins eru um 65% af íbúafjölda umdæmisins en einungis 50% af varanlegum hjúkrunarrýmum umdæmisins og því mikil þörf á nýjum hjúkrunarrýmum

Öldungaráð Akraneskaupstaðar skorar á heilbrigðisráðherra að fjögur ný varanleg hjúkrunarrými fáiist þegar rekstrarheimild vegna biðhjúkrunarrýma renna út í byrjun apríl 2020.

Ályktun Öldungaráðs Akraneskaupstaðar er send heilbrigðisráðherra, ráðherrum í ríkisstjórn Íslands, þingmönnum Norðvesturkjördæmis, bæjarstjórn Akraness, sveitastjórn Hvalfjarðarsveitar, velferðar- og mannréttindaráði Akraneskaupstaðar, stjórn Höfða hjúkrunar – og dvalarheimilis og FEBAN (Félag eldri borgara á Akranesi og Hvalfjarðarsveit).

Öldungaráð Akraneskaupstaðar

Liv Aase Skarstad formaður *Liv Aase Skarstad*

Elí Halldórsson varaformaður *Elí Halldórsson*

Jóna Ágústa Adolfsdóttir aðalmaður *Jóna Ágústa Adolfsdóttir*

Ragnheiður Helgadóttir aðalmaður *Ragnheiður Helgadóttir*

Kristján Sveinsson aðalmaður *Kristján Sveinsson*

Elínbjörg Magnúsdóttir aðalmaður *Elínbjörg Magnúsdóttir*

Viðar Einarsson varamaður *Viðar Einarsson*